

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna,
nr. 60/2020 (ábyrgðarmenn, námsstyrkir).

(Eftir 2. umræðu, 21. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Uppfylli lánþegi ekki skilyrði um tryggan lánþega er heimilt að taka tillit til félagslegra aðstæðna lánþega sem skal útfæra nánar í úthlutunarreglum.
3. og 5. mgr. falla brott.
- Orðin „eða að þeirri fjárhæð sem ábyrgð hefur verið veitt fyrir skv. 3. mgr.“ í 4. mgr. falla brott.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Umsókn og samtímagreiðslur*.

2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætast þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Hafi lánþegi lokið fyrsta ári í lánshæfu námi, í samræmi við það sem skipulag námsins gerir ráð fyrir, getur hann áunnið sér námsstyrk fyrir það nám, ákveði hann að skipta yfir í annað lánshæft nám, strax á næsta skólaári. Réttur til námsstyrksins er háður því að lánþegi ljúki síðara náminu í samræmi við það sem skipulag þess náms gerir ráð fyrir. Þessi réttur gildir aðeins einu sinni á þeim tíma sem lánþegi þiggur lán hjá Menntasjóði námsmanna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

1. mgr. orðast svo:
Menntasjóði námsmanna er eingöngu heimilt að taka lán frá Endurlánum ríkissjóðs til að fjármagna lán til lánþega.
2. mgr. fellur brott.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins setur reglugerð um nánari útfærslu á fjármögnun Menntasjóðs.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögum orðast svo:

Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga skal falla niður við gildistöku laga þessara. Ákvæðið nær til allra ábyrgða á skuldabréfum sjóðsins, hvort sem er vegna námslána, skuldabréfa vegna vanefnda lántaka, oflána eða af öðrum ástæðum.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Stjórn Menntasjóðs námsmanna skal senda ráðherra uppfærða tillögu að breytingum á útlutunarreglum sjóðsins vegna lagabreytinga sem varða afnám ábyrgðarmannakerfis lána hjá sjóðnum og heimildarákvæðis til handa sjóðnum um mat á tryggum lánþegum, sem taki gildi eigi síðar en 1. september 2024.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.